



## 489. fundur Þingvallanefndar

27.apríl 2022

Skrifstofa Þingvallanefndar

Austurstræti 12. kl 11.30-13:00

Mættir: Mættir: Vilhjálmur Árnason formaður, Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir varaformaður, Berglind Ósk Guðmundsdóttir, Oddný G. Harðardóttir, Tómas A. Tómasson, Andrés Ingi Jónsson og Orri Páll Jóhannsson.

Formaður setur fund og stýrir.

Dagskrá:

**1. Fundargerð síðasta fundar.**

Fundargerð samþykkt.

**1. Sumarhús**

Gestur: Lilja Jónasdóttir lögmaður Þingvallanefndar.

Formaður fjallar almennt um sumarhús í Þjóðgarðinum og Lilja Jónasdóttir kynnir fyrir nefndinni verklag sem hefur verið viðhaft við umfjöllun mála er varða kaup, forkaupsrétt og framsal lóðaleiguréttinda.

**Forkaupsréttur - Valhallarstígur syðri nr. 14.**

Þingvallanefnd fellur frá forkaupsrétti og heimilar framsal lóðaleigusamnings. Andrés Ingi Jónsson situr hjá.

**Forkaupsréttur- Efristígur nr. 8.**

Þingvallanefnd fellur frá forkaupsrétti og heimilar framsal lóðaleigusamnings.

**Efristígur 15**

Erindi frá skipulags og byggingarfulltrúa dagsett 31.3 2022. Umsókn um stækkun og byggingu gestahúss við sumarhús að Efristíg 15, auk umsóknar um breytingu á innra rými sumarbústaðar.

Formaður fer yfir byggingarskilmála Þjóðgarðsins og hvernig þeim hefur verið beitt.

Þingvallanefnd hafnar umsókn um byggingu gestahúss á lóðinni, með vísan til greinar greinar 1:1, 2. mgr. í byggingarskilmálum Þingvallanefndar.

Þingvallanefnd heimilar breytingu á innra rými sumarbústaðar, með þeim fyrirvara að allar breytingar skulu vera í samræmi við ákvæði gildandi byggingarskilmála, lög og stjórnvaldsfyrirmæli.

**2. Erindi frá Vegagerðinni vegna meðaltalshraðamyndavéla.**

Þingvallanefnd þakkar fyrir erindið og gerir eftirfarandi athugasemdir. Hraðinn er 50 km á umræddum kafla og Þingvallanefnd styður að gerðar verði kannanir á hraðaprófil vegarins áður en til að kemur að setja upp meðaltalshraðamyndavélar. Þingvallanefnd óskar eftir að þjóðgarðsvörður verði upplýstur og fá skýrslu reglulega um hraðaeftirlit og niðurstöður þeirra.

**3. Bréf frá ICOMOS vegna köfunarstarfsemi í Silfru**

Þingvallanefnd felur þjóðgarðsverði að útbúa svar til heimsminjaskrifstofunnar í París og ICOMOS vegna bréfs þeirra dagsettu 20.janúar 2022.

Fundi slitið.